

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um útgjöld og notkun á almennum og sérsníðuðum hugbúnaði hjá ráðuneytinu og undirstofnunum.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hver hafa verið útgjöld ráðuneytisins og undirstofnana sem heyra undir ráðherra vegna hugbúnaðarkaupna frá árinu 2009? Hve háum fjárhæðum var varið til kaupna á sérsníðuðum kerfum annars vegar og til kaupna á almennum hugbúnaði hins vegar?
2. Hve háum fjárhæðum vörðu ráðuneytið og undirstofnanir sem heyra undir ráðherra til greiðslu leyfisgjalda fyrir hugbúnað annars vegar og til greiðslu þjónustugjalda fyrir hugbúnað hins vegar frá árinu 2009?
3. Hvaða sérsníðuða hugbúnað notar ráðuneytið og hver undirstofnun og:
  - a. hver er eigandi hugbúnaðarins,
  - b. eftir hvaða hugbúnaðarleyfi er hugbúnaðurinn gefinn út,
  - c. var hugbúnaðurinn þróaður af verktökum eða af forriturum í starfi innan ráðuneytis eða stofnunar,
  - d. hver var kostnaðurinn við gerð hugbúnaðarins,
  - e. hver er tilgangur hugbúnaðarins?

Skriflegt svar óskast.